

Í greinargerð faghóps 3 í drögum að lokaskýrslu verkefnisstjórnar er greint frá íbúafundum í sveitarfélögum við neðri hluta Þjórsár, í Skaftárhreppi og í Skagafirði og lagt út frá þeim.

Ekki er að finna í fundargerðum faghóps 3 rökstuðning fyrir því hvers vegna ekki var haldinn sambærilegur fundur eða fundir með íbúum Þingeyjarsveitar og/eða landeigendum við Skjálfandafljót í þessu ferli og getum við ekki sætt okkur við þessa málsmeðferð.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar krefst þess að verkefnisstjórnin leggi ekki fram lokaskýrslu sína fyrr en öllum þáttum verkefnavinnunnar er lokið og lýsir sig reiðubúna til samstarfs til að svo megi verða.

Mikilvægt er að vinnubrögð verkefnisstjórnar séu fagleg og gagnsæ og tryggji að fulls jafnræðis sé gætt áður en tillögur hennar eru lagðar fram.

Ragnar Bjarnason tók ekki þátt í afgreiðslunni vegna vanhæfis. Hlynur Snæbjörnsson fulltrúi T lista lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég greiði atkvæði gegn þessari umsögn enda var það ljóst að ekki þurfti að eyða tíma og peningum í að láta meta samfélagsleg og efnahagsleg áhrif þegar búið var að meta fljótið sjálft of dýrmætt til að virkja það.

Nær væri að við íbúar á svæðinu fögnuðum þessari friðun og horfðum til framtíðar enda getum við nú vonandi treyst því að Skjálfandafljót verði áfram óskaddað.“

Sveitarstjórn staðfestir ofangreinda afgreiðslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:25

- a. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu – Bárðardalsvegur vestari nr. 842

VÖRUMÓTTAKA

HJÁ GOÐAFOSSMARKAÐI EHF

VERÐUR ÞRIÐJUDAGINN 23. ÁGÚST NÆSTKOMANDI
FRÁ 16:00-19:00.

HAFIÐ Í HUGA AÐ ÞETTA ER SÍÐASTA
VÖRUMÓTTAKAN Í BILI.

GÆÐANEFNDIN OG HJÖRDÍS.

Smalanir í Fjallskiladeild Reykdæla 2016

Aðalsmölun skal fara fram sunnudaginn 4. september n.k.
Þó skal smala sunnan veggirðingar á Fljótshéið vestan
Seljadalsár laugardaginn 3. september.

Síðari smölun vestan Reykjadalárs skal fara fram 24. og
25. september n.k.

Síðari smölun austan Reykjadalárs skal fara fram 1. og 2.
október n.k.

Minnt er á skyldur eigenda og umráðamanna lands til
smölunar sbr. 32. og 33. gr. fjallskilasamþykktar svæðisins
nr. 618/2010.

Fjallskilasamþykktina er m.a. að finna á heimasíðu
Þingeyjarsveitar, www.thingeyjarsveit.is

Fjallskilastjóri

Húsaleigubætur – Námsmenn athugið!



Nú eru skólar að byrja og þeir námsmenn sem munu dvelja á
heimavist eða leigja sér húsnæði í vetur eiga rétt á húsaleigubótum.
Umsóknir þurfa að berast tímanlega til skrifstofu Þingeyjarsveitar eða
eigi síðar en **15. dag fyrsta greiðslumánaðar.**

Til þess að hægt sé að afgreiða húsaleigubæturnar þarf sveitarfélagið
jafnframt að fá frumrit af **þinglýstum húsaleigusamningi** auk
staðfestinga á námi. Þeir sem eru að sækja um húsaleigubætur í
fyrsta sinn þurfa jafnframt að framvísa **staðfestu afriti af skattframtali**
sl. árs.

**Vinsamlegast athugið að hægt er að senda inn umsókn þó svo að
nauðsynleg fylgigögn vanti.** Umsóknin gildir þá frá þeim degi sem
hún berst skrifstofu sveitarfélagsins, en húsaleigubætur verða ekki
afgreiddar fyrr en öll nauðsynleg gögn hafa borist.

Umsóknareyðublað má finna á www.thingeyjarsveit.is og á skrifstofu
sveitarfélagsins við Kjarna. Nánari upplýsingar veitir Margrét í síma
464-3322 margret@thingeyjarsveit.is



Frá Stórutjarnaskóla

**Stórutjarnaskóli verður settur
fimmtudagskvöldið 25. ágúst nk. kl 20:00.**

Allir hjartanlega velkomnir

Skólastjóri



Starfskraftur óskast!

Útibú ehf, sem á og rekur Dalakofann, óskar eftir að ráða tvo starfsmenn í 100% heilsársstöðu. Hlutastörf koma líka til greina. Um er að ræða almenn störf við fyrirtækið, sem fela m.a. í sér þjónustustörf, eldhússtörf og áfyllingar í verslun. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund, góðan samstarfsvilja og geta unnið sjálfstætt. Skilyrði að viðkomandi sé tóbakslaus. Fyrir allar nánari upplýsingar, hafið samband við Harald Bóasson, s. 898-3328, eða á netfanginu halli@dalakofinn.is. Athugið breyttan opnunartíma, en nú er opið frá 9-21 alla daga vikunnar.

sveitarfélagsins við Hörpu Þorbjörgu Hólmgrímsdóttur fráfarandi skólastjóra Þingeyjarskóla.

Úrskurðað er eftirfarandi:

„Þingeyjarsveit ber að afhenda kæranda, Ástu Svavarsdóttur, starfslokasamning sem gerður var af Þingeyjarsveit við Hörpu Þorbjörgu Hólmgrímsdóttur fráfarandi skólastjóra Þingeyjarskóla 25. febrúar 2015.“

Sveitarstjórn unír úrskurðinum og sveitarstjóri hefur nú þegar afhent viðkomandi umrædd gögn.

4. Kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála

Lagðar fram til kynningar tvær kæru sem hafa borist úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, dags. 12. júlí s.l. þar sem annars vegar er kærð útgáfa framkvæmdaleyfis fyrir framkvæmdinni Kröflulínu 4 og hins vegar útgáfa framkvæmdaleyfis fyrir framkvæmdinni Þeistareykjalínu 1. Landvernd, landgræðslu - og umhverfisverndarsamtök Íslands (kærandi) kærir ofangreindar ákvarðanir sveitarstjórnar og krefst stöðvunar framkvæmda til bráðabirgða. Ekki liggur fyrir niðurstaða frá úrskurðarnefndinni.

Ragnar Bjarnason vék af fundinum vegna vanhæfis.

5. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Fosshóll

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 28. júlí s.l. þar sem Gestur Helgason sækir um endurnýjun á rekstrarleyfi til sölu gistingar og veitingu veitinga fyrir Fosshól ehf. í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við endurnýjun rekstrarleyfisins fyrir sitt leyti.

6. Nýtt rekstrarleyfi – Hvítafell

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 23. júní s.l. þar sem Kristjana Kristjánsdóttir sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga í Hvítafelli í Þingeyjarsveit. Sveitarstjórn afgreiddi erindið milli funda í tölvupósti þann 5. júlí s.l. og gerði ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu erindisins.

7. Drög að lokaskýrslu verkefnastjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar

Sveitarstjórn samþykkti í tölvupósti milli funda þann 2. ágúst s.l. og sendi frá athugasemd við drög að lokaskýrslu verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar:

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar lýsir vonbrigðum sínum með að ekki hafi verið sinnt öllum lögbundnum þáttum í vinnu verkefnisstjórnar áður en lagt er til að Skjálfandafljót verði sett í verndarflokk. Þrátt fyrir það sem fram kemur í kafla 9.4.2. í drögum að lokaskýrslu verkefnisstjórnar verður ekki séð að lagafyrirmælum í 4. mgr. 3. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun sé fullnægt en þar er skýrt kveðið á um að það ber að leggja mat á efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif.

Fram kemur í drögum að faghópur nr. 3 sem fjalla á um efnahagsleg og samfélagsleg áhrif og faghópur nr. 4 sem á að fjalla um þjóðhagsleg áhrif telja sig skorta tíma til að vinna frekar að upplýsingaöflun og rannsóknum til þess að geta skilað niðurstöðum sínum.



**Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
11.08.2016**

**196. fundur
sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar
haldinn í Kjarna fimmtudaginn 11. ágúst 2016**

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarrson, Nanna Þórhallsdóttir í forföllum Heiðu Guðmundsdóttur, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Erindi frá Sparisjóður Suður-Þingeyinga
2. Drög að samningi um styrkveitingu til uppbyggingar ljósleiðaranets í Þingeyjarsveit
3. Úrskurður frá úrskurðarnefnd um upplýsingamál nr. 632/2016
4. Kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála
5. Endurnýjun á rekstrarleyfi – Fosshóll
6. Nýtt rekstrarleyfi – Hvítafell
7. Drög að lokaskýrslu verkefnastjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar

1. Erindi frá Sparisjóði Suður-Þingeyinga

Tekið fyrir erindi frá Ara Teitssyni, f.h. stjórnar Sparisjóðs- Suður-Þingeyinga dags. 29. júní s.l. þar sem óskað er eftir því að Þingeyjarsveit taki þátt í stofnfjárukningu sparisjóðsins. Á aðalfundi Sparisjóðs Suður-Þingeyinga sem haldinn var 2. maí s.l. var samþykkt að auka stofnfé sjóðsins um allt að 140 milljónir króna. Áformað er að selja a.m.k. helming þess stofnfjár til nýrra stofnfjárhafa.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að vinna málið áfram til afgreiðslu á næsta fundi sveitarstjórnar.

2. Drög að samningi um styrkveitingu til uppbyggingar ljósleiðaranets í Þingeyjarsveit

Lögð fram drög að samningi milli Þingeyjarsveitar og Tengis hf. um styrkveitingu til uppbyggingar ljósleiðaranets í Þingeyjarsveit. Margrét vék af fundi vegna vanhæfis.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög og felur sveitarstjóra að ganga til samninga við Tengis hf. á grundvelli draganna.

3. Úrskurður frá úrskurðarnefnd um upplýsingamál nr. 632/2016

Úrskurður úrskurðarnefndar um upplýsingarmál nr. 632/2016 í máli nr. ÚNU15060002 lagður fram til kynningar. Með erindi dags. 10. júní 2015 kærði Ásta Svavarsdóttir synjun Þingeyjarsveitar á aðgangi að starfslókasamningi



Síðasta kaffihlaðborð sumarsins verður
sunnudaginn 21. ágúst og verður frá 13:00 til 17:00.
Þar verða kvenfélagskonur ásamt fleirum
með skott og skransölu.

Nú standa yfir síðustu dagar málverkasýningarinnar
Sumargleði, þar sem Þorbjörg Jónasdóttir sýnir olíu og
akrýlverk.
Allir velkomnir í Kiðagil.



Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á
miðvikuddögum og auglýsingum
þarf því að skila á mánudögum

fyrir kl. 15:00. ☺

Verð hálf síðu er.

kr.3.200.-m.vsk

Verð heilsíðu er

kr.4.300.- m.vsk

hlaupastelpan@isl.is—895-3386





Nú fer sumri að halla og þá fer sumarstarfsfólkið okkar að hugsa sér til hreyfings. Vð erum af því tilefni að leita okkur að starfsfólki bæði í heilsársstörf og tímabundin störf. Um er að ræða 100% störf og einnig hlutastörf sem gætu hentað sumum. Vinnutími er sveiganlegur og eftir samkomulagi. Ef þú veist um einhvern sem er að leita að nýjum starfsvettfangi þá endilega deildu og hjálpaðu okkur að finna rétt fólk í Lobbý, sal, næturvakitir ásamt aðila í viðhald og ferðir (skutl í flug og snjósleðaferðir).

Hafið samband við Ásdísi í síma 464-4164 eða 861-0274 asdis@myvatn.is



Messa Þverá

Almenn guðspjónusta verður á Þverá næstkomandi sunnudag 21. ágúst kl. 14:00.

Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.

33.tbl.
17. ágúst
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Firmakeppni Þjálf

verður haldin n.k. sunnudag 21. ágúst

kl. 14:00 á Einarstöðum.

Kept verður í flokkum

Polla, barna, unglunga/ungmenna,

kvenna og karla.

Keppnin verður með hefðbundnu og frjálsu sniði
eins og áður og mun skráning fara fram á staðnum.

Grillum pylsur að lokinni keppni -

500 kr. pylsa og svali.

Posi á staðnum.

Við hvetjum alla til að mæta og hafa gaman saman!

Þjálf.